

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Andakílshrepps, Hálsahrepps, Lundarreykjadalshrepps og Reykholtisdalshrepps.

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 21. apríl 1998 staðfest sameiningu Andakílshrepps, Hálsahrepps, Lundarreykjadalshrepps og Reykholtisdalshrepps í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra þessum fjórum sveitarfélögum skulu falla til hins nýja sveitarfélags.

Kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags skal fara fram sama dag og reglulegar sveitarstjórnarkosningar, þ.e. laugardaginn 23. maí 1998, sbr. 1. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.

Kosningin skal vera bundin hlutfallskosning, sbr. 20. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna.

Kjósa skal fimm fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.

Sveitarstjórnirnar fjórar kjósa sameiginlega þrjá fulltrúa í yfirkjörstjórn og þrjá til vara. Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar.

Formleg sameining þessara sveitarfélaga skal taka gildi 7. júní 1998.

Samhliða sveitarstjórnarkosningum verður gerð skoðanakönnun um nafn hins nýja sveitarfélags samkvæmt tillögu sameiningarnefndar. Nafn hins nýja sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

Félagsmálaráðuneytinu, 21. apríl 1998.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.

Nr. 237

15. apríl 1998

REGLUGERÐ

um ríkisábyrgðir, Ríkisábyrgðasjóð og endurlán ríkissjóðs.

1. gr.

Ríkissjóður má aldrei takast á hendur ábyrgðarskuldbindingu nema heimild sé veitt til þess í lögum. Ábyrgðar- eða endurlánsheimild í fjárlögum er heimilt að geyma til 1. apríl næsta árs á eftir því ári, er fjárlög taka til, sbr. 38. gr. laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins. Lagaheimild ríkissjóðs til að takast á hendur ábyrgðarskuldbindingu eða veita endurlán gefur aðila aldrei rétt til að krefjast ábyrgðar eða láns. Fjármálaráðherra ákveður hvort nýta skuli lagaheimild til ábyrgðar og endurláns. Yfirlýsing um ríkisábyrgð skal undirrituð af fjármálaráðherra eða Ríkisábyrgðasjóði, sbr. 5. gr. laga nr. 43/1990, um Lánasýslu ríkisins.

Ákvæði reglugerðar þessarar gilda einnig um endurlán ríkissjóðs eftir því sem við á.

2. gr.

Ábyrgð ríkissjóðs er annað hvort einföld ábyrgð eða sjálfskuldarábyrgð. Ríkissjóður gengur ekki í sjálfskuldarábyrgð, nema slíkt sé tekið fram beinum orðum í lögum þeim, sem ábyrgð heimila. Í ábyrgðaryfirlýsingu skal skýrum orðum tekið fram, ef um sjálfskuldarábyrgð er að ræða.